



Reykjavík, 8. maí 2025

USK25030326

Fannafold 68-74 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / Fjölgun bílastæða


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2025 var lögð fram fyrirspurn Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, dags. 24. mars 2025, um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 68-74 við Fannafold, samkvæmt skissu á yfirlitsmynd, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Gildandi deiliskipulag



Loftmynd úr borgarvefsjá



Byggingarnefndarteikning

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Foldir – íbúðarbyggð.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulagið Foldahverfi 4. og 5. áfangi ásamt skilmálum fyrir Foldahverfi, samþykkt í borgarráði dags. 27. nóvember 1984 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 68-74 við Fannafold er tveggja hæða hús með fjórum íbúðum. Samkvæmt skilmálum er meðal annars svo hljóðandi um bílastæði og bílageymslur: “Gert er ráð fyrir 1,0 einkastæðum á hverja íbúð í blokk, einnig 0,5 stæði á í íbúð í bílageymslu.” Samkvæmt gildandi skilmálum deiliskipulagsins ættu að vera 4 stæði á lóð en samkvæmt borgarvefsjá eru 5 stæði á lóðinni í dag og þar af leiðandi 1,25 á hverja íbúð.

Leitað var álit skrifstofu samgöngustjóra Reykjavíkurborgar og með tilliti til umferðaröryggis þá myndi þess útfærsla ekki ganga vegna nálægðar við gatnamót.

Niðurstaða

- Neikvætt með tilliti til umferðaröryggis, þessi útfærsla gengur ekki vegna nálægðar við gatnamót.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri



Reykjavík